

Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknarstofnun í byggingariðnaði.

Flm.: Indriði Ingi Stefánsson, Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson,
Gísli Rafn Ólafsson, Halldóra Mogensen, Ásthildur Lóa Þórssdóttir,
Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Inga Sæland,
Katrín Sif Árnadóttir, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að stuðla að því að komið verði á fót nýrri stofnun sem hafi það hlutverk sem Rannsóknastofa byggingariðnaðarins hafði áður.

Greinar gerð.

Síðan Rannsóknastofa byggingariðnaðarins lagði upp laupana í kjölfar þess að Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður hafa spár um alvarlegar afleiðingar þess ræst. Lagt er til að komið verði á fót nýrri stofnun sem sinni rannsóknum á byggingaraðferðum og byggingarefnum og öðru sem tengist byggingariðnaði, bæði að eigin frumkvædi og samkvæmt beiðni.

Margir þeirra sem starfa í byggingariðnaði og koma að forvörnum á sviði myglu- og raka-skemmda hafa bent á þörf þess að endurreisa Rannsóknastofu byggingariðnaðarins. Má þar nefna Verkfræðingafélag Íslands.

Ljóst er að ef til verður stofnun sem hefur frumkvædi að því að kanna hversu vel efni og byggingaraðferðir reynast í byggingariðnaði á Íslandi verður stuðlað að betri og öruggari byggingaraðferðum sem tryggja öryggi og góða hollustuhætti í hvívetna. Ólíklegt er að almennir verktakar ráðist í slíkt að eigin frumkvædi.